

## Fundargerð

29. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2002-2004, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, mánudaginn 10.nóvember 2003, kl. 20:00.

Fundinn sátu: Hreinn Jónasson varaformaður, Sigurður Pétur Sigmundsson, Birgir Guðjónsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Þórarinn Sveinsson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

Hreinn Jónasson setti fund og stjórnaði í fjarveru formanns.

### 1. Fundargerð 28. fundar lögð fram. Samþykkt.

### 2. Landsliðsmál.

- a) Umsóknir í Afrekssjóð ÍSÍ 15. nóv. nk.  
Landsliðsþjálfari og unglíngalandsliðsþjálfari eru að leggja lokahönd á umsóknir fyrir Afrekssjóð ÍSÍ og í sjóð ungra og efnilegra íþróttamanna. Fríða Rún lagði til að sótt yrði um fyrir sex einstaklinga í sjóð ungra og efnilegra, auk þess yrði sótt um fyrir Afrekshóp unglínglinga til keppnisferðar næsta sumar. Rætt.
- b) Niðurstöður fundar ÍÞA 23.okt. sl.  
Tillögur sem nefndin leggur fyrir stjórn FRÍ til afgreiðslu:
  1. Lágmark IAAF á HM innanhúss 5.-7. mars 2004 verði látin standa. Samþykkt.
  2. Lágmark IAAF á Ólympíuleikana í Aþenu 20-29.ágúst 2004 verði látin standa og miðað verði við B-lágmark. Samþykkt.
  3. Ólympíuhópur FRÍ verði samþykktur og upplýsingar sendar ÍSÍ. Samþykkt að eftirfarandi einstaklingar myndi Ólympíuhóp FRÍ: Jón Arnar Magnússon, Þórey Edda Elísdóttir, Einar Karl Hjartarson, Vala Flosadóttir, Magnús Aron Hallgrímsson, Sunna Gestsdóttir, Silja Úlfarsdóttir, Björn Margeirsson og Sveinn Margeirsson.
  4. Magnús Aron Hallgrímsson verði sendur sem fulltrúi Íslands á Vetrarkastmóti Evrópu á Möltu 13-14 mars 2004. Samþykkt.
  5. Nefndin hefur óskað eftir samvinnu við Sigurð Pétur Sigmundsson vegna þátttöku Íslands á HM í Víðavangshlaupum í Brussel 20-21.mars 2004. Tekið fyrir undir lið 4.c. síðar á fundinum.
- c) Fastir æfingatímar landsliðshóps. Frestað þar sem landsliðsþjálfari komst ekki á fundinn.
- d) Þjálfun Jóns Arnars Magnússonar. Fram kom að Jón Arnar hefur óskað eftir því að FRÍ komi til móts við hann varðandi þjálfara fyrir hann fram að Ólympíuleikunum á næsta ári. Rætt. Frestað til næsta fundar og óska eftir nánari upplýsingum og greinargerð um málið frá Jóni.
- e) Samningur við Fríðu Rún Þórðardóttur.  
Undirritaður samstarfssamningur við Fríðu Rún Þórðardóttur í starf unglíngalandsliðsþjálfara FRÍ til 31.ágúst 2004.

### 3. Fræðslumál.

- a) Námskeið með erlendum fyrirlesurum.  
Þórarinn sagði frá því að hann hefði verið í sambandi við Yuri Hanin frá Finnlandi um að halda fyrirlestur hér á landi í janúar. Þá hefur Fríða Rún einnig verið í sambandi við annan fyrirlesara um að koma til landsins. Rætt og ákveðið að kanna málið frekar áður en ákvörðun verður tekin.
- b) Námskeið innanlands.  
Rætt um að mikilvægt væri að halda fleiri námskeið innanlands fyrir leiðbeinendur og þjálfara í sambandi við þjálfrafrastig ÍSÍ.  
Þórarinn og framkvæmdastjóri kanni eftirspurn eftir námskeiðum fyrir þjálfara 1, sérgreinahluta hjá ÍSÍ.

### 4. Mótamál.

- a) Mótaþing FRÍ 22.nóvember.  
Rætt um dagskrá fyrir mótaþing FRÍ þann 22.nóvember nk.  
Drög að dagskrá fyrir þingið:
  - Mótaskráin FRÍ 2004.
  - Breytingar á keppnisreglum
  - Kynning á þróun lyfjamála.
  - Niðurstöður nefndar um íþróttamál.
  - Kennsla á nýju mótaforriti FRÍ.
- b) Evrópubikarkeppnin.  
Sigurður Pétur greini frá stöðu undirbúnings vegna keppninnar, en haldnir eru fundir hálfsmánaðrlega í Evrópubikarnefnd FRÍ, en nefndina skipa: Sigurður Pétur, formaður, Birgir Guðjónsson, Hreinn Jónasson, Þorsteinn Þorsteinsson, Hreinn Ólafsson, Stefán Jóhannsson og Oddný Árnadóttir.
- c) NM í 10000m hlaupi 29. maí 2004.  
Rætt um fyrirhugaða Norðurlandakeppni í 10000m hlaupi hér á landi 29. maí á næsta ári, en Sigurði Pétrur hefur kannað áhuga íslenskra langhlaupara á keppninni og er hún dræm vegna annara áherslna þeirra á þessum tíma. Rætt um að hugsamlega væri betra að halda þessa keppni á hinum Norðurlöndunum ef engir íslenskir keppendur taka þátt og þar sem undirbúningur fyrir Evrópubikarkeppnina sé í fullum gangi á þessum tíma. Framkvæmdastjóri hafi samband við hin Norðurlöndin vegna málsins.
- d) Úthlutun móta 2004.  
Lögð fram umsókn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks um að halda Bikarkeppni FRÍ 1.deild, 6.-7. ágúst 2004. Rætt og samþykkt að óska eftir umsóknum frá öllum mótshöldurum áður en ákvörðun um verður tekin. Þá óskar frjálsíþróttadeild Breiðabliks eftir því að halda MÍ 15-22 ára innanhúss, helgina 31.-1. febrúar í stað 7.-8. febrúar vegna húsnæðismála.
- e) HM í Víðavangshlaupi 2004.  
Lögð fram tillaga frá Sigurði Pétri og Fríðu Rún um þátttöku á HM í Víðavangshlaupi, sem fram fer í Belgíu 21. mars 2004. Rætt. Vísað til Íþrótt- og Afreksnefndar FRÍ.

## 5. Lagt fram.

- a) Bréf til Menntamálaráðherra frá FRÍ. Umsókn um styrk vegna lokahófs eftir Evrópubíkarkeppni landsliða 2004.
- b) Upplýsingar um helstu mót á heimsvísu til ársins 2006.
- c) Samkomulag milli Norðurlandanna um NM U23 í Noregi 2004.
- d) Bréf frá Hjálmi Siguðssyni dagsett 8.okt. sl.
- e) Fundargerð frá undirbúningsfundi ÍSÍ vegna Ólympíuleika 2004.
- f) Handbók ÍSÍ (Lög, reglugerðir og ýmsar upplýsingar).
- g) Bréf frá ÍSÍ með upplýsingum um keppnisgreinar á Smáþjóðarleikum 2005.
- h) Leikreglur IAAF fyrir árin 2004 – 2005.

## 6. Innsend mál.

- a) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 15.okt. sl., um bók Gísla Halldórssonar um þátttöku Íslands á Ólympíuleikum. Óskar ÍSÍ eftir styrk vegna útgáfunar að upphæð kr. 15.000.- og fyrir fái FRÍ 2.eintök af bókinni. Samþykkt.
- b) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 28.okt. sl., um kynnisferð forystumanna til Dönsku íþróttahreyfingarinnar í febrúar á næsta ári. Samþykkt að Sigurður Pétur fari í ferðina fyrir hönd FRÍ.
- c) Lagt fram tilboð frá Fjölmíðlavaktinni í vöktun og samantekt á öllu efni sem birtist um Evrópubíkarkeppnina á næsta ári. Frestað.

## 7. Önnur mál.

- a) Tölvumál skrifstofu. Framkvæmdastjóri greini frá því að keypt hefði verið tölva og prentari á skrifstofu með samþykki gjaldkera og formanns á milli funda, en gamla tölvan var orðin ónothæf.
- b) Uppskeruhátíð FRÍ. Rætt um frestun uppskeruhátíðar FRÍ vegna lélegrar þátttöku. Ekki tekin ákvörðun um hvort eða hvenær hún verður haldin.
- c) Lögð var fram drög að bréf til UFA/UMSE vegna Víðavangshlaups Íslands. Samþykkt.
- d) Birgir ræddi um að mikilvægt væri að samþykkja reglur varðandi félagsskipti og keppni íþróttamanna fyrir félög í tveimur löndum.
- e) Hreinn spurði um staðfestingu á Íslandsmeti boðsveitar Breiðabliks í 1500m boðhlaupi frá því í september. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að nær engin íslandsmet hafi formlega verið staðfest af stjórninni á undanförunum árum.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson